



Júní 2017

Móttökuviðtal

Hvaða efni er til fyrir erlenda nemendur?
Hefur námsefni á unglingastigi verið aðlagað?

Orðalistar og hugtakaskýringar

Stöðumat og einstaklingsnámskrár

Kennsluaðferðir og leikir

Samskipti við heimili og foreldra

Jólin

<http://erlendir.akmennt.is>

Samantekt fyrir kennara

Helga Hauksdóttir
Fræðslusviði Akureyrarbæjar
Uppfært 23. apríl 2018

Móttaka nemanda í skóla

Eins og gengur og gerist með nemendur skólanna er allur háttur á því hvenær og með hve miklum fyrirvara við fáum erlenda nemendur í skólana okkar. Stundum vitum við að von er á nemendum með góðum fyrirvara en þeir geta líka mætt í skólann, öllum nær því að óvörum.

Áður en nemandi mætir í bekk þurfum við að finna tíma til fundar með kennsluráðgjafa, umsjónarkennurum, skólastjórnanda og foreldrum og nýjum nemanda. Einnig er mjög gott að fá hjúkrunarfræðing skólans í móttökuviðtal þar sem bólusetningavottorð og annað þurfa að berast til þeirra.

Athuga þarf hvort nauðsynlegt sé að hafa túlk með á fundinum. Alþjóðastofa uppfærir túlkalista yfir þá túlka sem starfa fyrir Akureyrarbæ. Ef túlkur fæst ekki er einnig hægt að nýta sér fjartúlkun/símatúlkun frá Alþjóðasetri í Reykjavík: <http://www.asetur.is/>

Móttökuviðtöl eru ítarlegri fyrir erlenda nemendur en aðra. Við þurfum ýmsar viðbótarupplýsingar, s.s. hvort er búið að sækja um kennitölu, tungumálakunnáttu, menningu og trú, fyrri skólagöngu, færni í sundi o.fl.

Hér má sækja eyðublað til að nota í fyrsta viðtali: http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/2012_08_22_Mottokuvidtal.pdf

Gott er að hafa eftirfarandi minnisatriði í huga í móttökuviðtali:

- Fjölskylda nemandans
- Áhugamál og skapgerð nemandans
- Skólasaga, einkunnir, greiningargögn o.fl.
- Sterkar og veikar hliðar nemandans
- Færni nemandans í lestri, móðurmáli og öðrum tungumálum
- Viðhorf og færni í öðrum námsgreinum
- Sundfærni - kanna stöðu nemanda og viðhorf til þess að fara í sturtu með bekkjarfélögum
- Viðhorf nemandans til þess að vera hér á landi
- Áföll í lífi nemandans
- Áætlaður dvalartími hér á landi
- Atvinna foreldra og lengd vinnudags
- Á fjölskyldan íslenskan og/eða erlendan stuðningsaðila?
- Óskar fjölskyldan eftir að fá vinafjölskyldu?
- Hefur nemandinn verið aðskilinn frá foreldrum og þá hversu lengi?
- Upprunamenning – klæðnaður – hátíðir – siðir – trúarbrögð

Fyrir móttökuviðtal er vert að skoða vefinn **Velkomin** sem er á Tungumálatorgi og athuga hvort hann nýtist nýju fjölskyldunni í samskiptum. <http://tungumalatorg.is/velkomin/>

Í móttökuviðtali fær fjölskyldan helstu upplýsingar um skólann og skólastarfið. Nauðsynlegt er að hafa í huga að of mikið upplýsingaflæði skilar sér ekki alltaf vel, sérstaklega ef það er aðeins munnlegt. Því er gott að afhenda helstu gögn á pappírformi, t.d. í plastmöppu og fara sameiginlega í gegnum þær upplýsingar sem þar er að finna.

Upplýsingar í möppu:

- **Skóladagatal** skólans
- **Stundaskrá** bekkjarins
- **Samantekt á ensku, pólsku og tailensku** um skipulag og starf grunnskólanna á Akureyri er nú til. Aftast í því skjali er líka síða um hvern grunnskóla fyrir sig þar sem fram koma upplýsingar um vefsíðu, símanúmer, stjórnendur, ritara o.fl. Gott að prenta út síðu um viðkomandi skóla. Sjá skjalið á ensku hér: http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/01/About-schools_enska_Word_JB_2018.pdf
- Skjölin eru á öllum málum á <http://erlendir.akmennt.is> - hvert skjal undir flipa viðkomandi tungumáls.
- **Upplýsingar um Byrjendalæsi** ef það er notað í bekknum. Upplýsingar um aðferðina eru til á ensku, pólsku, lettnesku, litháísku og þýsku. Sjá ensku hér: <http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/enska.pdf>
- **Matseðill** fyrir einn mánuð. Þó matseðillinn sé á íslensku er gott að fara yfir einn mánuð með foreldrum til að þeir geri sér grein fyrir því hvernig hann er samansettur.
- **Innkaupalisti ef eitthvað þarf að kaupa:** Þeir eru til á nokkrum tungumálum og má prenta þá út: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-3412/6353_view-2305/
- Ef nemandinn er í 7. bekk eða eldri er nauðsynlegt að ræða um **dönskunám** eða undanþágu frá því. Við mælum með því að nemandi sem kemur á þessum aldri í skólann fái íslenskukennslu í stað dönsku og upprunamál metið í stað hennar. Slík eyðublöð eru til á vef Reykjavíkurborgar á nokkrum tungumálum og má prenta út: http://eldri.reykjavik.is/Portalddata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/skjol/Undan_ga_enska.docx.pdf (enska)
http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/10/Undan_ga_PL.pdf (pólska)
- **Verðskrá** fyrir mötuneyti og frístund er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/gjaldskrar/gjaldskra-fyrir-fristund-og-skolafaedi-1.1.2018-6.12.17.pdf>
- Útskýringar á Mentor eru til á pólsku á Tungumálatorgi: http://tungumalatorg.is/polska/files/2011/09/2011_Mentor_PL.pdf
- **Orðalistar** sem koma að góðum notum fyrir kennara og foreldra á sjö tungumálum (af vef Reykjavíkurborgar) http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-3404/6353_view-2305/
-

Upplýsingar til nemenda bekkjarins og foreldra

Umsjónarkennari undirbýr nemendur í bekknum fyrir komu nýja nemandans og lætur foreldra vita um nýjan nemanda.

Á haustfundi með foreldrum, eða í póstsamskiptum, gæti verið gott fyrir kennara að spyrja um hvort einhverjir foreldrar í bekknum hefðu áhuga á að vera **vinaforeldrar** erlendra foreldra í bekknum og aðstoða þá við að lesa skilaboð frá skólanum, segja þeim frá viðburðum á vegum foreldra o.fl. í þeim dúr. Þá væri hægt að bjóða erlendum fjölskyldum slík tengsl og aðstoð ef þær vilja.

Undirbúningur í skólastofunni

Mikilvægt er að fjölbreytileiki nemendahópsins sé sýnilegur í skólanum og í skólastofunni. Það er líka virðing gagnvart nýjum fjölskyldum að sýna tungumáli þeirra og menningu áhuga og jákvæðni. Einföld leið til að minna okkur á fjölbreytileika er að setja upp á vegg kveðjur, eins og „Góðan dag“ á öllum tungumálum nemenda, hafa þjóðfána nemenda í stofunni eða merkja inn á heimskort öll þau lönd sem nemendur okkar koma frá.

Eitt af verkefnum fyrstu daganna gæti líka verið að setja upp á vegg heiti vikudaganna á móðurmáli nýja nemandans eða hvað annað sem hugurinn býður okkur.

Kveðjur á nokkrum tungumálum má finna á vefnum:

<http://erlendir.akmennt.is/index.php/kvedjur/>


Upplifun nýja nemandans

Þegar nemandi hefur verið í bekknum í 6-8 vikur væri gott ef kennari/kennsluráðgjafi/námsráðgjafi, settist niður með honum til að spyrja um líðan hans og upplifun í nýjum skóla. Það samtal þarf að sníða að hverjum og einum en dæmi um slíkt má sjá hér: http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Upplifun_nemanda.pdf

Fleira sem við þurfum að huga að:



Móttökuferli í hnotskurn, sbr. hér að framan



Námsefni í íslensku fyrir nemendur með íslensku sem annað mál


Fyrsta þrep - við komu í skólann Grunnorðaforði – spil og myndaverkefni

Memory – með íslenska stafrófinu og myndum

Bingo – fatnaður og skóladót. Bæði hægt að hafa mynd á mynd og síðan orð á mynd. Hægt að prenta út og plasta:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/bingo.pdf>

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/bingo_ord.pdf



Stafaspjöld Menntamálastofnunar. Góð við innlögn stafa og hljóða.

Hægt að nota á ýmsan hátt, til upprifjunar, að draga spjöld og finna fleiri orð sem byrja á hljóðinu o.fl.



Hvem er hvem/Who is who? Spil þar sem á annar þátttakandinn spyr spurninga um ýmis útlitseinkenni, sem leiða til þess að hann þekkir nafn persónu sem mótspilariinn er með.



Orðasjóður – Verkefni til útprintunar á vef Menntamálastofnunar og myndaspjöld í kassa. Einnig handbók f. kennara. Góð þemagreind verkefni til að byggja upp orðaförða.



Íslenska á allra vörum eftir Bryndísi Indu Stefánsdóttur og Kristínu Björk Gunnarsdóttur. Tveir kassar sem er gott og gaman að nota til að auka orðaförða í byrjun, t.d. um heiti vikudaganna, nöfn á ýmsum matvælum, hugtök um staðsetningar o.fl. Til í sérkennslu efni margra skóla en því miður ekki fánlegt lengur.



Vefir:

Leikur að íslenskum orðum (þemagreind orð sem þjálfar bæði framburð, lestur og byggja upp orðaförða).

http://vefir.mms.is/lao_is/

Lestur er leikur: <http://vefir.mms.is/lestur%5Fer%5Fleikur/>



Myndmál - myndrænt orðasafn

Einfaldur og góður vefur til þess að fá grunnorðaförða og hlusta á réttan framburð.

<http://myndmal.is/sites/forsida.php>

Stafapláneturnar: <http://vefir.mms.is/stafaplanetur/>

Vefur fyrir yngri nemendur. Að finna stafi og orð. Hlustað á framburð.



Íslenska fyrir mig. Vefur á Tungumálatorgi fyrir byrjendur. Þematengd hefti sem eru mjög góð í upphafi. Slóð: <http://tungumalatorg.is/katla/katla-ordafordi/islenska-fyrir-mig/>

Tema morsmál – myndaorðabók. Norsk síða sem gott er að heimsækja til að tengja hugtök og orð við móðurmál nemenda. Hægt að velja um ýmis tungumál, s.s. pólsku, arabísku, tailensku, rússnesku o.fl. <http://morsmal.no/bildetema-norsk>

Gagnvirkur vefur í íslensku. Fjölbreytt verkefnasöfn sem þjálfa ýmis atriði í málnotkun, orðaforða, stafsetningu og málfræði. Verkefnin hafa verið valin m.t.t. námsþátta á hverju aldurstigi. Slóðin er <http://annamagneaverkefni.weebly.com/>

Vinnubækur

Ritrún. Best að byrja á bók nr. 2. Hún er með almennasta orðaforðann og hentar best í upphafi. Eins er hægt að taka bók nr. 3 á undan nr. 2.

Bækur sem er gott að hafa í skólastofunni:

1000 orð fyrir káta krakka (Setberg)

Fyrstu þúsund orðin (Setberg)

Fyrsta orðabókin mín (íslenska, danska, enska) (Forlagið).

Myndir af ýmsu tagi – af vef, úr bókum eða blöðum, fara út með myndavél og prenta út myndir sem krakkarnir taka sjálfir – eða teikna sjálfir.

1. Velja sér tiltekinn fjölda orða af myndinni til að læra, skrifa og muna.

2. Velja sér þrjú orð og skrifa setningu um þau.

3. Velja sér fimm nafnorð og merkja kyn þeirra (hann – hún – það – eða táknmyndir fyrir kynin)

Ræða um myndirnar, atburðarás og annað til að þjálfa tjáningu og framsögn.



Léttlestrarflokkar / Smábækur Menntamálastofnunar

Eins og hæfir hverjum og einum.

Orðalisti

Orðaforðalisti, ætlaður foreldrum og leikskólakennurum. Nýtist einnig til að fylgjast með og meta orðaforða nemenda með íslensku sem annað mál. Fyrirhugað er að gefa út myndir með orðalistanum. <http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/#2>

Annað efni og hugmyndir/ það sem ég er búin(n) að nota:



Annað þrep

Þegar nemendur hafa náð grunnorðaforða úr fyrsta þrepi


Léttar lestrarbækur með góðum texta og fínnum myndum:

Vala og vinir hennar og Heima hjá Völu e. Ingibjörgu Eiríksdóttur.

Vinnubækur til útprentunar:


http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Vala-og-vinir-hennar_vinnubok.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Heima-hja-Volu_vinnubok.pdf



Kæra dagbók 1., 2. og 3. Þrjár lestrarbækur með góðum verkefnablöðum og myndum sem hægt er að prenta út og setja í möppur f. nemendur.

Bankaránið í smábókaflokki Menntamálastofnunar (þyngdarstig 4). Skemmtileg fyrir krakka á Akureyri og hægt að tengja við nærumhverfi og samræður um daglegt líf nemandans.



Smábókaskápurinn hjá Menntamálastofnun. Léttar sögur til að lesa á rafrænu formi og hlusta á framburðinn.

<http://vefir.mms.is/smabokaskapur/>



Davíð og fiskarnir er góð bók til að lesa og ræða um og gefur krökkunum góða tilfinningu um framfarir og að geta lesið heila bók. Enn betra er að vinnubók er til með Davíð ☺

Spil:

Hluti af námsefninu **Ljáðu mér eyra** e. Ásthildi Bj. Snorrar., Valdísi B. Guðjónsd. Og Ingibjörgu Eldon Logad.

Rím. Merkt spil með orðum sem ríma og ríma ekki. Hægt að spila á ýmsa vegu skv. leiðbeiningum.

Samsett orð. Setja orð saman eða taka orðhluta í burtu.

Bananagrams. Íslenska stafrófið. Einfaldara form af Scrabble.



Ýmis verkefni:

Hvar eiga orðin heima? Verkefni þar sem nem. eiga að flokka orð á ýmsan hátt, s.s. eftir litum, inni eða útiorð o.fl. Hægt að prenta út af vef:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Hvar-eiga-ordin-heima.pdf>

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Mynd_stafur_ord.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Nofn_lita_eftir_kynjum.pdf

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Andheiti.pdf>

Léttir lestextar með verkefnum til útprentunar:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/lestextar.pdf>

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/lesa-skilja-og-lita.pdf>



Íslenkunáman - nafnorða- og sagnorðaspjöld frá Rakel Sigurgeirsdóttur.

720 myndaorðaspjöld með 306 sögnum og 414 nafnorðum.

Verkefni á PDF formi tengd innihaldi kassans er að finna á

<https://islenskunaman.wordpress.com/>

Annað efni og hugmyndir / það sem ég er búin(n) að nota:




Þriðja þrep

Þegar nemendur hafa öðlast svolítið sjálfstraust gagnvart íslenskunni, hafa grunnorðaforða og þurfa æfingu í að tjá sig í heilum setningum og bæta enn við orða- og hugtakaskilning, sérstaklega orðaforða námsgreina. Grunnmálfræði.

Lestur, lesskilningur og ritun:

Lestur og stafsetning. Þessir textar eru til í möppum í mörgum skólum. Þá er fyrst síða með textanum og svo auð síða. Þá hef ég oft notað sóknarskrift á auðu síðuna. Einnig má fara ýmsar aðrar leiðir, t.d. ef nemandi strikar undir orð sem hann skilur ekki á textasíðunni má vinna frekar með þau orð á auðu síðunni, útskýra eða teikna myndir, vera með upplestur og nem. skrifar – eða nem. skrifar textann rétt upp. **Menntamálastofnun hefur nú hætt prentun á þessu námsefni!**

Á krakkasíðum, undir íslenska er hægt að hlusta á textann lesinn upp og æfa ritun, bæði sjónrænt og heyrnrænt. Um að gera að nota það!



Bókaflokkurinn **Sestu og lestu**. Mjög góðar bækur fyrir krakka sem hafa náð nokkrum tókum á íslenskunni. Best er að byrja á bókinni **Hundakúnstir** sem er auðveldust og taka síðan **Leitin að haferninum**. Ég gerði vinnubók með Hundakúnstum sem hægt er að prenta út:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Hundakunstir.pdf>



Bras og þras á Bunulæk + vinnubók hentar líka vel krökkum sem eru að byrja að lesa léttar bækur með söguþræði.

Bækur Friðriks Erlingssonar, **Afi minn í sveitinni** og **Annað sumar hjá afa** eru bækur með góðum, almennum orðaforða og eru um leið fræðandi og hægt að tengja efnið við fræðslu um dýralíf við Ísland, fiska, seli og fulga.

Vinnubækur sem hægt er að prenta út:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Afi-minn-i-sveitinni.pdf>

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Annad-sumar-hja-afa.pdf>




Fallorðaspil og Sagnorðaspil. Til að æfa beygingu fallorða, sérstaklega nafnorða en einnig fornafna og lýsingarorða. Hugsað sérstaklega fyrir nemendur með hægan málþroska og nemendur með íslensku sem annað mál. Sagnorðaspil tekur svo á sagnorðum og myndum þeirra.




Mikilvægt að vinna með orðaforða námsgreina:

Ísland – landið okkar mjög góð bók til að lesa um Ísland og sérkenni þess. Hver kafli er aðeins ein síða og oftast bið ég krakkana um að skoða bókina heima og velja eina síðu til að lesa í skólanum daginn eftir. Best er að hafa tíma til umræðna um hverja síðu og orðaskýringa.



Málfræði

Málfræðibókin mín, 1. hefti. Málfræðibækur ætlaðar nemendum með íslensku sem annað tungumál. Það má líka sækja í geymslu bækur eins og **Málrækt 1 og 2** og velja þar úr síður sem henta nemendum vel til að vinna með einstaka þætti, t.d. nútíð og þátíð, samnöfn og sérnöfn og no., so. og lo.



Spil

Íslenskuspilið – námsefni í íslensku fyrir útlendinga. Borðspil sem er til í flestum skólum. Það er líka hægt að fara skemmri leið – eða nota kortin sem fylgja spilinum á annan hátt, t.d. sem Veiðimann, eða bara fletta til skiptis og svara spurningum sem eru af ýmsu tagi.



Fallorðaspilið – til að æfa fallbeygingu nafnorða.

Íslenska á allra vörum 1 og 2. Bækur eftir Bryndísi Indu Stefánsdóttur og Kristínu Björk Gunnarsdóttur. Hugsanlega til í einhverjum skólum og henta sérstaklega eldri krökkum vel.



Annað efni og hugmyndir/það sem ég er búin(n) að nota:



Fjórða þrep

Nauðsyn á stöðugum lestri, málfræði og sérhæfðari orðaforða og hugtökum námsgreina

Lestur og lesskilningur

Hitt og þetta – fjölbreyttir textar sem henta eldri krökkum sérstaklega vel en flestir textarnir fjalla um unglunga víðs vegar um heiminn. Fín verkefni á eftir hverjum kafla.



Græna bókin er auðlesin sögubók sem höfðar til krakka á mið- og unglíngastigi og með henni er **vinnubók** – og fleiri bækur í sama flokki, t.d. **Óboðnir gestir** og **Svaðilför í berjamó**.



Vefur: Skólablaðið

<http://vefir.mms.is/skolabladid/index.html>

Hentar nemendum á mið- og unglíngastigi vel. Orðaforði daglegs lífs krakkanna og nýtist þeim vel.



Einn í óbyggðum og **Nauðlendingin** eru fínar bækur fyrir krakka á mið- og unglíngastigi. Góður söguþráður til að ræða um, endursegja, búa til myndasögur o.fl.

Papa Moll. Tjáning, ritun, stafsetning. Spjöld sem nemendur raða og búa til myndasögur. Hentar vel fyrir allan aldur, ekki síst þau eldri. Fyrst er hægt að segja söguna og ræða um atburðarás og síðan geta nemendur skrifað hana. Til í sérkennsluefni margra skóla.



Á tungumálatorgi – Íslenska fyrir alla

<http://tungumalatorg.is/ifa/>

Hentar sérstaklega fyrir elstu nemendurna. Náms efnið er ætlað fullorðnum, svo það þarf að velja kafla sem henta okkar nemendum.

Orðaforði námsgreina má ekki bíða!

Náttúran og nöfnin okkar er lestrar- og vinnuhefti þar sem íslenskuverkefni eru tengd við ýmsan fróðleik um náttúru Íslands, s.s. hafið, fjöllin, tré, blóm og fugla. Textar og tónlist á vefnum eru tengd við verkefnin. Hentar nemendum á unglingastigi.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Natturuan_nofnin_okkar_2016.pdf

Sjá upplýsingar um aðlagð námsefni og orðalista hér á eftir !!!

Ýmsar æfingar tengdar lesskilningi, orðaforða og málfræði:

Hentar frekar eldri nemendum:

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/02/strakaverkefni.pdf>

Að æfa orðaskipan í setningar – hentar mið- og unglingastigi. Prentið út sögurnar, plastið þær, klippið spjöldin niður og setjið í rennilásuþslög. Nemendur flokka þær síðan í númeraðar setningar og raða orðum rétt í hverja setningu:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/ord-og-setn_afmaeli.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/ord_og_setn_david_og_Oli.pdf

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Ord-og-setn-fotbolti.pdf>

Málfræðibókin mín, 2. og 3. hefti

Sóknarskrift. Stuttir textar sem þarf að para við réttar myndir. Hef alltaf notað þetta verkefni sem sóknarskrift.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/11/soknarskrift_nyndir_texti.pdf



Orðaskjóða. Vefur á Tungumálatorgi þar sem hægt er að vinna lesa um og vinna verkefni um ýmsa þætti, s.s. flótamenn, umhverfi, stríð, orku, náttúru, gróður o.fl. Hentar eldri nemendum. Slóð: <http://tungumalatorg.is/ordaskjoda/>

Annað efni




**Ýmsar bækur sem geta hentað nemendum vel
að hluta eða í heild**




Í sveitinni með Æsu og Gauta.

Saga um krakka sem kynnst lífinu í sveitinni. Góð bók til að byggja upp orðaforða samfélagsfræði, störf í sveit, heiti dýra og afurða.



Úti um mela og móa.

Bók um Ísland, náttúru þess og lífríki. Upphaflega samin fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og er ætlað að vera brú yfir í annað námsefni. Tengist bæði landafræði og náttúrufræði.



Lífið fyrr og nú – stutt Íslandssaga



Ugla sat á kvisti

Lestrarbók á auðveldu máli fyrir unglinga.

Aðlagð námsefni og orðalistar – orðaforði námsgreina mið- og unglingastigs

Það er nauðsynlegt að reyna að byrja sem fyrst að kenna nemendum orðaforða námsgreina. Hér eru slóðir inn á vefi, bæði með aðlöguðu efni og orðalistum.

Stærðfræði:

Lettneska (stærðfræði miðstigs):

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/hugtok_i-staerdfraedi-lettneska.pdf

Orðalistar Menntamálastofnunar (gefnir út af Námsmatsstofnun) í stærðfræði f. 4., 7. og 10. bekk. Orðalistar í stærðfræði 10. bekkjar eru til á mörgum tungumálum, sbr. slóðir hér að neðan:

<https://mms.is/ordalistar-i-staerdfraedi-4-og-7-bekkur-concepts-mathematics>

<https://mms.is/ordalisti-i-staerdfraedi-10-bekkur>

Náttúrufræði:

Orðalistar í náttúrufræði f. 10. bekk á mörgum tungumálum (Námsmatsstofnun / Menntamálastofnun):

<https://mms.is/ordalisti-i-natturufraedi-10-bekkur>

Lífheimurinn. Einfaldaður texti með myndum og orðskýringum á pólsku og tailensku:

<http://erlendir.akmennt.is/> undir flípanum „Aðlagð námsefni“.

Orðalisti um mannslíkamann á arabísku og nokkrar hugtakaskýringar á ensku:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/09/ordalisti_natturufr_ens_arab_AE_HH.pdf

Raungreinar

Efnisheimurinn. Lykilorð. Orða- og hugtakaskýringar á pólsku. Emilia Mlynska.
<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/11/efnisheimurinn-4-1.pdf>

Saga:

Frelsi og velferð aðlagður texti með myndum og verkefnum – fyrri og seinni hluti:
[http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Frelsi og velferd II.pdf](http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Frelsi_og_velferd_II.pdf)
[http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Frelsi og velferd- 2.kafli .pdf](http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Frelsi_og_velferd-2.kafli.pdf)

Landafræði

Um víða veröld - einfaldaður texti með myndum og verkefnum.
http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/04/samfelagsfraedi_isl.pdf
Um víða veröld – einfaldaður texti á íslensku og arabísku með myndum og verkefnum:

Íslenska

Gunnlaugssaga ormstungu – einfaldaður texti með myndum og orðaskýringum.
[http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Gunnlaugs-saga ormstungu adlogud -.pdf](http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/Gunnlaugs-saga_ormstungu_adlogud-.pdf)

Kjalnesingasaga – útdráttur úr sögunni.
[http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/04/Kjalnesingasaga utdrattur Borghildur.pdf](http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/04/Kjalnesingasaga_utdrattur_Borghildur.pdf)

Pólskur orðalisti: **Ljóð í tíunda**, sem Emilia Mlynska hefur tekið saman. Slóð:
[http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/09/ljod i tiunda.pdf](http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/09/ljod_i_tiunda.pdf)

Þjóðfélagsfræði

Á ferð um samfélag. Orðalistar og hugtakaskýringar á pólsku úr köflum 3 – 8 sem Emilia Mlynska vann.

<http://erlendir.akmennt.is/index.php/polska-2/>

Orðalisti úr Þjóðfélagsfræði. Unninn í Grunnskólanum í Sandgerði

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/06/thjodfelagsfr. polska.pdf>

Lettneskir orðalistar

Lettneskir orðalistar fyrir kennara, nemendur og foreldra um helstu hugtök og heiti sem notuð eru í skólastofunni:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Lettnesk_ordalisti.pdf

Hugtakalistar námsgreina á arabísku/Norðurlandamálum

Á sænskum vef má finna ýmsa orðalista sem tengjast námsgreinum, s.s. líffræði, landafræði, sögu o.fl. á arabísku og norsku/sænsku. Getur auðveldað kennurum útskýringar hugtaka.

<https://www.liber.se/Kampanjer/Grundskola-kampanj/Begreppslistor-pa-arabiska-i-SO-NO-och-teknik/>

Íslenska – rafrænar orðabækur

<http://malid.is>

Góður vefur sem veitir margháttaðar upplýsingar um íslenskt mál. Þegar orð er slegið inn á leitarstreng opnast öll gagnasöfn sem viðkomandi orð tengist. Það getur t.d. verið Stafsetningarorðabók, Nútímamálsorðabók, Íðorðasafn, Orðsifjabók, Málvarsbanki o.fl. Þar er einnig hægt að hlusta á framburð.

Dæmi: Þegar við skrifum orðið „pása“ fáum við upp þrjú gagnasöfn:

<http://malid.is/leit/p%C3%A1sa>

Snara.is

Allir grunnskólar á Akureyri eiga að hafa opinn aðgang að Snöru. Þar eru m.a. orðabækur á ensku, dönsku, pólsku, þýsku, spænsku, frönsku og ítölsku.

<http://snara.is>



Glosbee – rafræn orðabók þar sem flest tungumál er að finna. Slóð:

<https://is.glosbe.com/>

Annað efni og hugmyndir/ það sem ég er búin(n) að nota:



Stöðumat og einstaklingsnámskrár

Fyrsta stöðumat

Eftir u.þ.b. þrjá mánuði í skólanum er gott að taka stöðu nemenda og meta orðaforða þeirra, skilning og getu til tjáskipta, t.d. að svara einföldum spurningum um hagi sína. Þemagreint orðaforðamat má prenta út af vefnum erlendir.akmennt.is. Þar eru einnig úrvinnslublöð fyrir kennara til að skrá allar niðurstöður. Endilega hafið samband við mig ef þið viljið fá úrvinnslublöðin í word skjali.

Hér má nálgast stöðumatið: <http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/11/stodumat.pdf>

Annað stöðumat

Stöðumat fyrir nemendur sem hafa öðlast nokkra færni í íslensku, náð tökum á grunnatriðum málfræði og geta tjáð sig með ritun. Lesskilningstextar eru teknir úr samræmdum prófum fyrir 4. bekk.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/11/Namsmat_framhald_2017.pdf

Lundamaterialet – málþroskapróf

Eins og nafnið gefur til kynna er þetta sænskt málþroskapróf. Það er notað einstaklingslega og byggir á myndum og spurningum sem eru orðaðar á mismunandi hátt eftir getu barnsins. Það er til hér á fræðslusviði og hægt að fá það lánað.



Þríþætt mat á stöðu nemanda

Þetta er nokkuð yfirgripsmikið mat sem tekur á mörgum þáttum; málfærni, líðan í skóla og samskiptum við heimili.

Hægt að prenta út af vefnum: <http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2015/10/trithaett-mat-a-stodu-nem.pdf>

Önnur verkefni sem geta gefið okkur vísbindingar um lesskilning og orðaforða nemenda. Fyrra verkefnið er einfalt en í hinu síðara er meiri áhersla á málfræði og textar eru erfiðari.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Namsmat_2015_I.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Namsmat_2015_II.pdf

Einstaklingsnámskrár eru auðvitað til með ýmsu móti og margir kennarar eiga í fórum sínum form sem þeim finnst þægilegt að nota.

Einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með íslensku sem annað mál eiga að hjálpa okkur til að vinna markvisst með uppbyggingu orðaforða og tjáningu nemenda í upphafi. Þar er hægt að skrá niður markmið, stöðuna á tilteknum tímapunkti og hvernig á að vinna áfram eftir stöðumat. Dæmi um hugsanlegar útfærslur til að nota að hluta eða í heild:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/07/Íslenska_markmid.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Einstaklingsnamskra_SMSM_Hulda_karen.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Einstaklingsnamskra_HH.pdf

Annað efni og hugmyndir / það sem ég er búin(n) að nota:



Kennsluaðferðir hugmyndir og leiðir

Hér er bent á 10 leiðir sem Lori Wilfong leggur áherslu á í kennslu barna sem eru að tileinka sér nýtt tungumál. Þar á eftir kem ég með dæmi um hugsanlega útfærslu á nokkrum leiðum hennar, númeraðar út frá töflunni hér fyrir neðan.

(2013. Vocabulary strategies that work. Do this, not that. Larchmont, NY: Eye on Education)

	Þetta gerum við...	... en þetta forðumst við!
1	Veljum sérstaklega orð til að kenna.	Að útbúa orðalista sem nemendur eiga að læra án þess að kenna orðin sérstaklega.
2	Finnum leið til að fá nemendur með í virkri og skapandi orðavinnu.	Að láta nemendur leita að merkingu orða í orðabók og skrifa hana upp án útskýringa.
3	Hjálpum nemendum til að finna eigin skilgreiningar og útskýringar á orðum og hugtökum.	Að láta nemendur skrifa upp skilgreiningar án útskýringa og samræðna.
4	Metum orðaforða, orðanotkun og skilning nemenda með leiðsagnarmati og lokamati.	Að leggja fyrir próf þar sem aðeins reynir á minni nemenda, t.d. á skilgreiningum eða með krossaspurningum.
5	Kennum nemendum fjölbreyttar leiðir, aðrar en að skoða samhengi orðs í setningu til að finna orð sem þeir skilja ekki (stofn orða, skyldleiki mála).	Að segja nemendum alltaf að nota þá leið að reyna að finna samhengið þegar þeir skilja ekki tiltekið orð í texta.
6	Að nota myndir og tákn til að gæða orðin lífi.	Að hafa engar myndrænar útskýringar og að hafa ekki mikilvæg orð (lykilorð) sýnileg í kennslustofunni.
7	Notum orðavegg í vinnu með nemendum bekkjarins.	Að hafa ekki – eða nota ekki – orðavegg í kennslustofunni.
8	Kennum nemendum fræðileg orð og hugtök (t.d. orð dagsins – hugtak vikunnar í fræðilegum orðaforða). Höfum þau sýnileg og ræðum merkingu þeirra og gefum nemendum tækifæri til að „melta“ þau og læra.	Að kenna orð og hugtök sem einangraðan þátt kennslunnar aðeins í íslenskutímum.
9	Höfum greiðan aðgang að fjölbreyttu lestrarefni fyrir nemendur, svo að þeir vinni með ólíkan orðaforða af ýmsum sviðum.	Að kenna aðeins orðaforða námsbóka og þeirra bóka sem allur bekkurinn er að nota.
10	Höfum fræðilegan og vandaðan orðaforða alltaf sýnilegan og látum í ljós miklar væntingar til nemenda um notkun hans.	Að nota „barnamál“ í tímum og að leyfa nemendum að nota það í samskiptum.

Dæmi um útfærslur af lista Wilfong


Leið nr. 1 - Veljum sérstaklega orð til að kenna:

Lori Wilfong segir að raunhæft sé að ætla nemanda að læra um 10 ný orð á viku með þeim hætti að hann skilji vel merkingu þeirra og geti yfirfært notkun þeirra á annað samhengi (Scott, Jamieson-Noel & Asselin, 2003).

Góð byrjun er að hugsa um orð í þrepum, þannig að þau auðveldustu séu í neðsta þrepi og þau þyngist síðan þrep af þrepi.

1. þrep –**algeng orð**: þau lærir nemandinn í gegnum samskipti við aðra og í almennum lestri.
2. þrep –**margræð orð**: orð sem hafa fleiri en eina merkingu.
3. þrep: –**sérhæfð orð** sem notuð eru innan námsgreina.

Kennari sem er að ræða um villta sveppi í náttúru Íslands getur verið með hugstormun um orð og hugtök sem nemendur kunna og hafa lært. Í hugmyndakassann geta komið ýmis ólík orð:



Hægt er að vinna með orðin á ýmsan hátt, t.d. að flokka þau í 1., 2. og 3. þrep (hér að ofan) og ræða um flokkana. Eru einhver orð sem eiga heima í fleirum en einum flokki. Orðið „hattur“ getur bæði verið algengt orð, margrætt orð og sérhæft orð námsgreina, sem dæmi. Hægt er að teikna orð eins og hattur og stafur með margræðni þeirra í huga.

Leið nr. 2 – Skapandi og virk orðavinna nemenda

Wilfong leggur áherslu á að kennarar fái nemendur með sér í ýmsa vinnu með orð og auki þannig dýpri skilning. Ein góð leið til þess er að nota hugtakakort sem hægt er að byggja upp á ýmsan hátt og með ólíkum áherslum.

Dæmi um slíkt á næstu síðum:

Að læra og skilja – ekki bara muna !

(Form Frayers)

Skilgreining með eigin orðum	Einkenni /staðreyndir um orðið
Dæmi um notkun	Á ekki við um orðið

(Heimild: Wilfong, L. 2013, bls. 19. HH)



Leið nr. 3

Hjálpum nemendum að finna eigin útskýringar á orðum og hugtökum

A)

Fáið nemendur í lið með ykkur. Búið til eyðublað þar sem þið eruð búin að skrifa upp lista með þeim orðum/hugtökum sem þið viljið leggja áherslu á og kenna vel. Biðjið nemendur að merkja við hvort þeir hafi séð orðin áður og hvort þeir skilji þau. Ef nemandi skilur orðið útskýrir hann það eða teiknar mynd sem sýnir skilning hans. Annars merkir hann við í þriðja eða fjórða dálk sem segir okkur að við þurfum þá að útskýra og ræða betur.

Dæmi úr stærðfræði:

Orð	Ég skil orðið	Sannaðu það!	Ég hef séð orðið eða heyrt það áður	Hef enga hugmynd
Gleitt horn				
hornasumma				
samsíðungur				

B)

Áhersla á að skrifa ekki skilgreiningar beint upp úr orðabók, heldur geti nemendur rætt saman og fundið eigin skilgreiningar og skrifað hjá sér til að auðvelda sér að festa orð og hugtök í sessi. Hægt að útbúa „orðaspjöld“ sem nemendur geta svo fest upp á vegg, kennari getur tekið að sér að skanna þau og senda nemendum rafrænt o.fl. í þeim dúr.

Dæmi:

Jarðfræðingur

..... er fólk (maður eða kona) sem rannsakar fjöll og steina.....



Leið nr. 4 – Að meta orðaforða, orðanotkun og skilning nemenda

Think – pair – share / hugsum – ræðum – deilum

Leið til að hjálpa nemendum til að forma svör við spurningum og reyna svörin í samræðum við sessunaut, áður en þeir svara sameiginlega. Vinnan getur bæði verið munnleg og skrifleg. Viðfangsefnið getur verið af ýmsum toga, t.d. eldfjöll og kennari leggur áherslu á einhver viss hugtök sem þarf að nota í umræðunni (hraun, mökkur, gos). Einnig gæti kennari sett fram nokkur hugtök sem á að ræða sérstaklega.

Dæmi:

Staðhæfing /spurning	Það sem mér datt í hug	Það sem sessunaut mínum datt í hug	Niðurstaða okkar
persónugerving			
Innri sögutími			

Leið nr. 5 – Að læra orð á annan hátt en út frá samhengi texta

Hér er hægt að nota ýmsar leiðir, t.d. stofn orða, forskeyti og viðskeyti, auk þess að finna skyldleika á milli tungumála og e.t.v. upprunamáls nemandans.

Dæmi:

Barn: barnaföt, barnabók, barnamatur, barnaskapur, barnalegur, barnarúm o.fl.

Þjóð: þjóðhátíð, þjóðsöngur, þjóðfélag, þjóðsaga, þjóðtrú.

Einnig er hægt að nota önnur tungumál sem nemandi kann og tengja við það, t.d. ensku.

Leið nr. 7 – Orðaveggir

Orðaveggir eru mjög mikilvægir til að hafa orð sýnileg og þeir minna bæði nemendur og kennara á það sem hefur verið til umræðu og hvetja til upprifjunar og frekari samræðna og notkunar á orðunum.

Hægt er að fjarlægja nokkur orð af orðaveggnum og nemendur eiga að finna út hvaða orð það eru, hægt er að taka spjöldin með orðunum niður og nemandi dregur spjald og á að segja aðeins frá því orði sem hann dró eða búa til setningu með orðinu. Stundum er hægt að myndskreyta orðið o.s.frv.

Það er ekki nóg að setja orð á orðavegg, ef ekki á að vinna neitt frekar með þau!

- ✚ Orðaveggur með algengum orðum þar sem nemendur geta fylgst með því hvað þeir hafa lært mörg íslensk orð. Þá er hægt að rifja orðin upp, nota þau til að búa til setningar o.fl.
- ✚ Orðaveggur með orðaforða/hugtökum námsgreina. Þá tengist orðaveggurinn viðfangsefni hverju sinni, til umræðu og upprifjunar eða notkunar í verkefnum.
- ✚ Orðaveggur með orðum sem eru erfið í stafsetningu eða framburði og þarf að minna á.

Dæmi um orðavegg:

Lax	fiskibúð	hængur	hrygna	got
roð	tálkn	seiði	reyktur	
Grafinn	útflutningur	veiðimaður		



Leið nr. 9 – Aðgangur að fjölbreyttu lestrarefni

Ein leið enn til að auka skilning nemenda á lestrarefni og hjálpa þeim til að greina aðalatriði í texta er að útbúa einhvers konar form til að fylla inn í. Þessi form geta verið af ýmsu tagi og gott er að safna þeim saman í möppu og fara yfir síðar, nota þau í leiðsagnarmati og upprifjun.

Dæmi um form:

Þetta er mikilvægast!

Nafn _____ dags _____

Það sem er mikilvægt!

Hugsaðu nú um kaflann sem þú varst að lesa og það sem er allra mikilvægast. Síðan skrifar þú tvö önnur atriði sem þér finnast líka mikilvæg. Neðst skrifar þú svo aftur það sem var allra mikilvægast.

Það sem er allra mikilvægast að muna um _____

er _____



Annað sem er líka mikilvægt og ég ætla að muna er:

Og

En það sem er **allra mikilvægast** er: (endurtekning á því sem nem. skrifaði fyrst)

P.S. Af hverju ætli froskurinn sé með kórónu? (færi á umræðum um ævintýri ☺)




Hér hef ég aðeins tekið saman nokkrar aðferðir sem geta nýst vel nemendum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Margar þessar aðferðir eiga þó alveg eins vel heima í vinnu með almennan bekk og gagnast meiri hluta nemenda vel.

Fleiri hugmyndir og útfærslur er að finna á vefnum erlendir.akmennt.is á slóðinni:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Gaedum_ordin_lifi.pdf

Nokkrir gagnlegir leikir og uppbrot í tímum



Hangman

Gamli, góði „hangman“ er góður þegar verið er að leggja inn stafina, heiti þeirra og hljóð. Hægt að tengja orðin við námsefnið hverju sinni, eða jafnvel að kenna nýtt orð sem tengist líðandi stund (t.d. snjócoma ☺).



Kimsleikur


Þjálfar athygli og eftirtekt og nemendur þurfa að rifja upp heiti á þeim hlutum sem þeir sjá á bakka.

Framkvæmd: Ýmsir ólíkir hlutir eru settir á bakka sem stykki er breytt yfir. Stykkið er tekið af og nemendur fá að virða fyrir sér hlutina í stutta stund. Þá er stykkið sett yfir aftur og allir fara í sætið sitt og skrifa niður heiti þeirra hluta sem

þeir sáu.

Ef nemendur kunna ekki að skrifa má teikna hlutina – eða teikna hlutina og skrifa fyrsta stafinn í heitinu.

Einnig má spila á annan hátt, þannig að nemendur sjái strax alla hlutina sem eru á bakkanum. Síðan er stykkið lagt yfir en um leið er einn hluturinn fjarlægður. Þegar stykkið er tekið af aftur, eiga nemendur að reyna að giska á hvaða hlut vantar.



Orðasnákur

Nemendur teikna orðasnák, t.d. á tússtöflu. Kennari gefur upp fyrsta orðið til að skrifa og síðan eiga nemendur að finna orð sem byrja alltaf á síðasta staf næsta orðs á undan. Sá vinnur sem getur búið til lengsta snákinn.



Hollý hú

Nemendur sitja í röð eða hring. Einn stendur fyrir framan með bolta og hugsar um eitthvert tiltekið orð sem hann velur sér (t.d. nafn á karli eða konu, nafn á dýri, nafn á einhverju sem er inni í stofu o.s.frv.) Hann lætur aðra þátttakendur vita hvaða flokki orðið tilheyrir og gefur upp fyrsta stafinn (og hugsanlega kyn orðsins) og um leið hendir hann boltanum til þess sem er fyrstur og segir „K – karlmannsnafn“. Hann grípur boltann og segir „Kári“ um leið og

hann hendir boltanum til baka. Svona er gengið á röðina og ef enginn getur upp á réttu nafni hefst umferð tvö með því að gefinn er upp einn stafur í viðbót: „K...Á... karlmanns“.

Þegar getið er upp á réttu nafni fær stjórnandinn boltann aftur, kastar honum í jörðina, kallar „Hollý“ og hleypur sem lengst frá boltanum áður en sá sem gat upp á nafninu nær honum og kallar „Hú!“ Um leið verður stjórnadinn að nema staðar og mynda „körfu“ með báðum handleggjum. Sá sem gat upp á nafninu fær að taka þrjú stór skref og þrjú „hænskref“ í áttina að stjórnandanum og reyna að hitta með boltanum í „körfuna“. Takist það verður hann næsti stjórnandi.

Fleiri leikir sem við munum eftir:



Samskipti við foreldra og heimili

Foreldrasamstarf

Í móttökuviðtali er nauðsynlegt að spyrja foreldra hvernig þeim finnst best að haga samskiptum við skólann. Foreldrar ættu að koma aftur í viðtal í skólann eftir tvo til þrjá mánuði af skólastarfi. Þá hafa þeir oft ýmsar spurningar sem hafa vaknað þegar þeir hafa upplifað skólastarf í einhvern tíma og fá þá aftur tækifæri til að spyrja.

Upplýsingar um grunnskólana á Akureyri á ensku, pólsku og tailensku á vefnum

<http://erlendir.akmennt.is>. Þar eru einnig upplýsingar á arabísku en á svolítið öðru formi.

Enska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/01/About-schools_enska_Word_JB_2018.pdf

Pólska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/01/Akureyrarbaer_polska_um_skola_2018.pdf

Tailenska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2018/01/Akureyrarbaer_tailenska_2018.pdf

Arabíska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/09/grunnskolar_akureyri_arab.pdf

Upplýsingar um stöðþjónustu grunnskóla Akureyrarbæjar eru einnig til á ensku, pólsku og tailensku:

Enska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/10/stodtjonusta_enska_2017.pdf

Pólska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/10/Nr0089-Akureyrarbaer_polska.pdf

Tailenska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/10/Nr.-0089_stodtjonusta_tailenska.pdf

Vefurinn **Velkomin** er á Tungumálatorgi og er hugsaður til þess að auðvelda samskipti við foreldra – og nemandann sjálfan í upphafi skólagöngu. Þar má finna ýmis tungumál; arabísku, ensku, litháísku, pólsku og spænsku til að nota í ýmsum kringumstæðum.

Hér er slóðin: <http://tungumalatorg.is/velkomin/>

Kennarar ættu ætíð að hvetja foreldra til að viðhalda móðurmáli barna sinna og lesa fyrir þau á móðurmáli. Þeir ættu einnig að hvetja nemanda til að hafa bók á móðurmáli með sér í skólann til að lesa, t.d. í yndislestri.

Kennarar geta einnig bent foreldrum á bæklinga sem til eru á 11 tungumálum um það hvernig foreldrar geta stuðlað að góðum málþroska og eftt málskilning barna sinna, allt frá fæðingu og upp í miðstigsaldur grunnskóla. Auðveldast er að finna bæklingana á heimasíðu Århus í Danmörku. Slóðin er:

<https://www.aarhus.dk/da/borger/familie-boern-og-unge/Pasning/Dit-barns-sprog-og-laesning/Pjecer-til-foraelldre.aspx>

Gjaldfrjálsar tannlækningar barna:

Nú eru tannlækningar 3ja -17 ára barna gjaldfrjálsar, að frátöldu 2.500 króna árlegu komugjaldi. Upplýsingar til foreldra um þetta er að finna á heimasíðu heilsugæslustöðva á mörgum tungumálum: <https://www.heilsugaeslan.is/fraedsla/tannvernd/>

Ýmislegt getur komið upp í skólanum og þá nauðsynlegt að koma upplýsingum til foreldra. Hér eru nokkrar slóðir sem gott er að vita af:

Ef lús kemur upp í bekknum: (blöð af vef Reykjavíkurborgar)

http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-3405/6353_view-2305/

Upplýsingar um frídaga í skólum (af vef Reykjavíkurborgar)

http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/nyirislendi ngar/upplýsingarfyrirforeldra/skilabodmilliskolaogforeldraerlendrabarna/skilabodumfridaga/Skilabod_19_isl.pdf

Upplýsingar um skipulagsdaga kennara í skólum (af vef Reykjavíkurborgar)

http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-3402/6353_view-2305/

Orðalistar sem koma að góðum notum fyrir kennara og foreldra á sjö tungumálum (af vef Reykjavíkurborgar)

http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-3404/6353_view-2305/

Eyðublað fyrir foreldra til að samþykkja myndir á vef, þátttöku í könnunum og ferða í einkabíl.

Pólska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/10/Leyfi_foreldra_PL.pdf

Arabíska:

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/10/Samthykki_-_foreldra_Ahmed.pdf

Viðbrögð vegna óveðurs.

Pólska: http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Vidbrogd-v.-vedurs_isl_polsk.pdf

Boðun foreldrafunda á ýmsum málum (af vef Reykjavíkurborgar)

http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-18580/6353_view-2305/

Upplýsingar um Mentor á pólsku:

http://tungumalatorg.is/polska/files/2011/09/2011_Mentor_PL.pdf

Ýmislegt efni sem getur komið sér vel fyrir foreldra að vita um eða hafa er að finna á vefnum <http://erlendir.akmennt.is> undir flipunum „Efni á erlendum málum“ til hægri á síðunni. Þar eru ýmsir orðalistar á íslensku og erlendum málum.

Verkefni á pólsku

Aneta Stanisława Figlarska hefur þýtt nokkur verkefni sem eru á vefnum erlendir.akmennt.is yfir á pólsku. Þessi verkefni eru á vefnum: <http://erlendir.akmennt.is/index.php/polska-2/>

Jólin

Á vefnum erlendir.akmennt.is er að finna ýmsan fróðleik og verkefni sem tengjast jólum, bæði íslenskum jólum og erlendum, siðum og venjum sem nemendur þekkja e.t.v. heiman frá sér og svo það sem er sérstakt við íslensk jól og jólahefðir, t.d. þrettán jólasveinar. Þar eru einnig jólakveðjur og texti „Heims um ból“ á ýmsum tungumálum. Einnig eru þar léttir textar og verkefni og aðventusaga með verkefnum, þar sem lesinn er einn kafli á dag um jólastrákinn Anton.

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/08/jolin_hans_antons-2.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Jolabokin_min.pdf

<http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/10/Lestextar-og-verkefni.pdf>

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Heims_um_bol.pdf

http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Jolakvedjur_a_ymsum_malum.pdf

Þetta er **fimmta** útgáfa af samantekt um móttöku og kennslu erlendra nemenda í grunnskólum Akureyrar, **uppfærð 23. apríl 2018**.

Mest af þessu efni var til og aðgengilegt, t.d. inni á vefnum erlendir.akmennt.is en nú hef ég tekið helstu upplýsingar saman í eitt skjal með það að markmiði að flýta fyrir kennurum í leit að upplýsingum og efni, sem þeir þarfnast í vinnu sinni með nemendum og foreldrum. Ég vona að hér finni þeir upplýsingar um ýmsilegt efni sem er til, gagnlegar vefslóðir og verkefni.

Allar ábendingar um fleira gagnlegt efni eru vel þegnar og þá er hægt að uppfæra og bæta þessa samantekt jafnóðum, kennurum og nemendum til hagsbóta.

Einnig hvet ég kennara til að hafa samband við mig ef það er eitthvað sem þeir sakna eða þurfa á að halda og ég gæti aðstoðað þá með.

Helga Hauksdóttir

kennsluráðgjafi, fræðslusviði Akureyrarbæjar

helgah@akureyri.is

s. 460-1465.

